

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

#### *Eyvindarholt/Langhólmi, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 20. október 2022 tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Eyvindarholti/Langhólma. Breytingarnar felast í því að núverandi frístundabyggð er minnkuð úr 36,2 ha í 9,9 ha og frístundahúsalóðum fækkað úr 14 í 10. Auk frístundahúsalóðanna 10 er gert ráð fyrir 3 íbúðarhúsalóðum, lóð undir þjónustuhús, 2 gróðurhúsum og vélaskemmu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Skálabrekka, nýtt deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 8. september 2022 tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Skálabrekku. Heimilt verður m.a. að byggja tveggja hæða íbúðarhús með hámarkshæð allt að 8,5 m frá botnplötu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Hörðuskáli, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 8. september 2022 tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Hörðuskála. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir einnar hæðar frístundahúsi allt að 100 m<sup>2</sup> að stærð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Ytri-Skógar, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 10. nóvember 2022 tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Ytri-Skógum. Breytingin felur í sér aukningu á heildarbyggingarmagni úr 1.500 m<sup>2</sup> í 1.550 m<sup>2</sup> og stækkun á byggingarreit til þess að rúma fyrrgreinda aukningu byggingarmagns. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Ofanbyggðarvegur, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 10. nóvember 2022 tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Ofanbyggðarvegi á Hvolsvelli. Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýjum jarðstreng, Rimakotslínu 2, á uppdrætti og kafla 2.4 um veitur er bætt við greinargerð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 29. desember 2022.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Guðmundur Úlfar Gíslason**, skipulags- og byggingarfulltrúi.